

| Styrkumsækjandi           | Heiti verkefnis  | Umsókn september 2010 | Tillaga október 2010 |
|---------------------------|--|-----------------------|----------------------|
| Alþjóðatorg ungmenna      | <b>Lifandi bókasafn á faraldsfæti:</b> Hvernig er að vera flóttamaður, innflytjandi eða múslimi á Íslandi? Hvaða áhrif hafa geðsjúkdómar á daglegt líf? Á lifandi bókasafni geta gestir fengið lánaðar lifandi bækur sem hægt verður að ræða við um spurningar sem þessar. Bækurnar verða fulltrúar hópa sem oft mæta fordómum í samfélaginu. Tveir bókasafnsverðir verða ráðnir til að sjá um verkefnið undir umsjón Alþjóðatorgs og skátahreyfingarinnar en gert er ráð fyrir að ráðin verði atvinnulaus ungmenni í störf. Verkefnið skal unnið í samvinnu við mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. | 2.410.000             | 2.000.000            |
| STERK - gegn mansali      | <b>Vertu með í baráttunni gegn mansali - samkeppni um fræðsluefni:</b> Staðið verður fyrir samkeppni ungs fólks í listum og fræðum um besta forvarnaefnið. Vinningstillagan verður notuð í baráttunni gegn mansali á Íslandi.  | 1.161.000             | 1.161.000            |
| Arnar Sigurðsson          | <b>Skæruhernaður í kvikmyndagerð - stuttmyndasmiðja fyrir ungt fólk (Vinkill):</b> Komið verður á fót kvikmyndasmiðja sem standa mun ungu fólki í borginni til boða. Þátttakendur munu hafa aðgang að tækjum til kvikmyndagerðar, aðstoð við skipulagningu og þróun verkefna sinna, aðahald við að ná settum markmiðum og tengsl við annað fagfólk í greininni   | 2.000.000             | 2.000.000            |
| Hildur Björgvinsdóttir    | <b>Kaupmaðurinn á horninu:</b> Útbúið verður sýning á þremur torgum í Þingholtunum (Baldurstorg, Freyjutorg og Óðinstorg). Þar mun almenningur geta lesið sér til um sögu húsanna í kringum torgin og sögu verzlunar og starfsemi í Þingholtunum verður þannig miðlað til yngri kynslóða.  | 2.000.000             | 1.500.000            |
| Lára Guðrún Jóhannudóttir | <b>Fjallkonubakarí:</b> Boðið verður upp á barnameningarviðburði á fjölskylduvæna kaffihúsinu Fjallkonubakaríið. Viðburðir verða tvisvar til þrisvar sinnum í viku.  | 2.125.500             | 2.125.000            |
| Katrín Ósk Garðarsdóttir  | <b>Leiðin að lifa - Lífsleikni- og lífsstílsnámskeið fyrir atvinnuleitendur í Reykjavík:</b> Útbúið verður námskeið í lífsleikni- og breyttum lífsstíl fyrir atvinnuleitendur í Reykjavík. Markmiði er að auka leikni og færni þeirra á vinnumarkaði, að efla sálrænan styrk, félaslegan þroska og líkamlega heilsu.   | 1.000.000             | 1.000.000            |
| Filipa Andrade            | <b>Leikjamiðstöð í Reykjavík:</b> Ætlunin er að bjóða upp á opna og vinlega leikjamiðstöð í miðbæ Reykjavíkur þar sem fólk getur komið saman og lagt stund á mismunandi borðleiki. Leikjamiðstöðin verður opin öllum íbúum á öllum aldri.  | 820.000               | 820.000              |
|                           |  | 11.516.500            | 10.606.000           |